

Mættir:

- Þorsteinn Gunnarsson (bæjarskrifstofa) - Formaður
- Fríða Egilsdóttir (leikskóli)
- Halldóra Halldórsdóttir (grunnskóli)
- Jón Björn Sigurgeirsson (þjónustumiðstöð)
- Lynda Silvía Hallgrímsdóttir (Miðgarður/Túngata)

Einnig sat Ásmundur Jónsson slökkviliðsstjóri fundinn.

1. Hjartastuðtæki

Í framhaldi af samþykkt síðasta fundar var málið lagt fyrir bæjarráð, sem bókaði eftirfarandi:

12. 1501293 - Vinnuverndarnefnd: Fundargerðir og verkefni

Vinnuverndarnefnd leggur til að Grindavíkurbær samþykki að hjartastuðtæki verði komnar í allar stofnanir Grindavíkurbæjar í árslok 2020. Jafnframt að Grindavíkurbær bjóði starfsfólki sínu upp á námskeið í skyndihjálpi meðhöndlun hjartastuðtækja með reglubundnum hætti og að fræðsla verði í Grunnskóla Grindavíkur um skyndihjálpi fyrir nemendur, á hverju skólaári.

Bæjarráð felur Vinnuverndarnefnd að kostnaðarmeta tillöguna og koma henni á framfæri við gerð næstu fjárhagsáætlunar fyrir árin 2016- 2019.

Kostnaður við hvert tæki er um 260.000 kr. Skápur um 40.000 kr.

Samþykkt að hjartastuðtækin fari í þessari röð:

2016-17	Miðgarður/Túngata
2017-18	Grunnskóli Grindavíkur við Ásabraut og Hópsskóla, Leikskólinn Laut
2018-19	Bæjarskrifstofur/skólaskrifstofa, Grindavíkurhöfn
2019-20	Þjónustumiðstöð og tjaldsvæðið.

Það verður á ábyrgð forstöðumanna viðkomandi stofnana að gera ráð fyrir þessu í fjárhagsáætlun hjá sinni stofnun hverju sinni.

Jafnframt var lagt til að fræðsla verði í Grunnskóla Grindavíkur um skyndihjálpi fyrir nemendur, á hverju skólaári. Samþykkt að senda slíkt erindi til skólastjórnenda.

2. Áhættumat stofnana

Fulltrúi grunnskólans við Ásabraut tekur að sér að vinna áhættumat fyrir stofnunina en hann er nýbúinn að fara á vinnuverndarnámskeið. Nýr umsjónarmaður opinna og grænna svæða tekur að sér að gera áhættumat fyrir Vinnuskólann.

Liðin eru tæp tvö ár síðan áhættumat fyrir aðrar stofnanir var gert. Þarf að uppfæra þau. Samþykkt að það verði gert og vinnuverndartrúnaðarmenn og verðir á viðkomandi stofnunum geri það. Skilafrestur er 1. júlí nk.

3. Kosningar/skipan í vinnuverndarnefnd

Tveggja ára setutími núverandi stjórnar er brátt á enda. Samþykkt að fela formanni að sjá til þess að láta undirbúa kosningar á vinnuverndartrúnaðarmönnum þar sem við á og láta forstöðumenn skipa vinnuverndarverði, þar sem við á.

Staðan er þessi:

Stofnun	Vinnuverndarvörður	Vinnuverndartrúnaðarmaður	Staðan
Grunnskóli Ásbraut	Daníel Júlíusson	Halldóra Halldórsdóttir	Kosið um trúnaðarmann í haust, Daníel nýkominn inn og verður áfram
Bæjarskrifstofa	Þorsteinn Gunnarsson	XXX	Nýr skipaður
Leikskólinn Laut	Fríða Egilsdóttir	Lóa Björg Björnsdóttir	Lóa Björg áfram sem vörður, kjósa þarf trúnaðarmann
Íþróttamiðstöð/sundlaug	XXX	Snorri Viðar Kristinsson	Kjósa nýjan
Þjónustumiðstöð/slökkvilið	XXX	Jón Björn Sigurgeirsson	Kjósa nýjan
Grindavíkurhöfn	XXX	Arnfinnur Antonsson	Kjósa nýjan
Miðgarður/Túngata	Lynda Sýlvía Hallgrímsdóttir	XXX	Ný komin inn, verður áfram

Allar stofnanir, fyrir utan grunnskóla, þurfa að ganga frá sínum málum fyrir 15. maí n.k. og senda tilkynningu um breytingarnar á formann.

4. Viðbragðsáætlanir

Framhald af máli á síðasta máli. Að sögn slökkviliðsstjóra er búið að fullvinna viðbragðsáætlanir fyrir grunnskóla, leikskóla, Miðgarð, Túngötu og tónlistarskólanum.

Þeir sem eftir eru: Bæjarskrifstofur, íþróttamannvirki, Þjónustumiðstöð og tjaldsvæði, bókasafn, Grindavíkurhöfn.

Verið er að útbúa upplýsingablöð sem fara á vegg í öllum stofum í grunnskólanum um flóttaleiðir. Eru enn ekki komnar upp í grunnskólanum.

Formaður beðinn að ýta á eftir þessu verkefni.

5. Söfnunarskilti

Sú breyting hefur orðið að Grunnskólinn við Ásbraut er ekki lengur söfnunarsvæði íbúa í náttúruhamförum, heldur Hópsskóli.

Óskað verði eftir því að þjónustumiðstöðin fjarlægi söfnunarskilti á Ásabautinni en setji upp nýtt söfnunarskilti í Hópsskóla. Slökkviliðsstjóri hefur þegar farið með skiltið í þjónustumiðstöðina.

6. Almannaþingin

Upplýsingar til almennings í undirbúningi. Að sögn slökkviliðsstjóra verða þær settar inn á heimasíðuna, hvert fólk á að snúa sér, hvaða viðbrögð á að snúa sér ef hættu steðjar að osfrv.

Fleira ekki bókað, fundi slitið kl. 15:20.